

**97. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn í Aratungu, Reykholti,  
5. desember 2019, kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Kjartan Lárusson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Bjarni D. Daníelsson.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sviðsstjóri.

**1. Gjaldskrá hitaveitu 2020 - 1911051**

Tillaga að gjaldskrá hitaveitu vegna ársins 2020

*Stjórn Bláskógaveitu samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir árið 2020 miðað við að notkunargjöld hækki um 2,5%.*

**2. Gjaldskrá vatnsveitu 2020 - 1911050**

Tillaga að gjaldskrá vatnsveitu vegna ársins 2020

*Stjórn Bláskógaveitu samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir árið 2020, þar sem hámark og lágmark vatnsgjalds hækkar um 2,5%.*

**3. Fjárhagsáætlun 2020 og 3ja ára áætlun 2021-2023 - 1910029**

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir vatns- og hitaveitu fyrir árið 2019

*Farið var yfir áætlun um rekstur og fjárfestingar vatns- og hitaveitu fyrir árið 2020 og árin 2021-2023. Stjórn Bláskógaveitu samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti og vísar henni til sveitarstjórnar.*


**4. Kvörtun vegna gjaldskrár hitaveitu - 1910049**


Kvörtun vegna gjaldskrár Bláskógaveitu og svarbréf sveitarstjóra til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins


*Lagt var fram erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna kvörtunar yfir gjaldskrá Bláskógaveitu vegna tengigjalda, ásamt afriti af svarbréfi sveitarstjóra. Niðurstaða málsins varð sú að ekki var gerð athugasemd við gjaldskrána, en hvatt til þess að fjárhæð tengigjalda verði uppfærð árlega.*


Fundi slitið kl. 15:00.

*Kjartan Lárusson* *Bjarni D. Daníelsson*  
*Kolbeinn Sveinbjörnsson*  
*Axel Sæland*  
*Benedikt Skúlason*


  
Kjartan Lárusson

  
Kolbeinn Sveinbjörnsson

  
Axel Sæland

  
Ásta Stefánsdóttir

  
Benedikt Skúlason

  
Bjarni D. Danielsson